



Fimmtudagur, 23. maí 2019

Ákvörðun nr. 15/2019

## **Kaup Motormax ehf. á eignum og rekstrarfjármunum þrotabús Bílausts ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 18. mars 2019 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um kaup Motormax ehf. (hér eftir Mótormax) á tilteknum eignum þrotabús Bílausts (hér eftir þb. Bílausts). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Um er að ræða svonefnda styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann. Í kjölfar móttöku tilkynningarinnar kallaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum og frekari upplýsingum frá samrunaaðilum, viðskiptavinum þeirra og keppinautum. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið jafnframt upplýsinga um innflutning á bílavarahlutum frá embætti Tollstjóra. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og sjónarmiðum var það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki yrði séð að skilyrði hafi verið til að tilkynna um samrunann með svokallaðri styttri tilkynningu á grundvelli b-liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga.

Auk þess var það mat Samkeppniseftirlitsins að þær upplýsingar sem fylgdu með samrunatilkynningu um markaði málsins og mat á markaðshlutdeild hafi ekki verið fullnægjandi jafnvel þó miðað væri við þau skilyrði sem gerð eru til styttri samrunatilkynninga, sbr. 7. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Samkeppniseftirlitið mat það hins vegar svo að í ljósi eðli málsins og aðstæðna þá teldist samrunatilkynningin fullnægjandi frá því tímamarki er eftirlitinu bærust frekari upplýsingar frá samrunaaðilum á síðari stigum málsins varðandi veltu samrunaaðila á markaði málsins og önnur atriði.

Í ljósi þessa byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann ekki að líða fyrir en mánudaginn 13. maí 2019, eða þegar Samkeppniseftirlitinu bærust upplýsingar um veltu Bílausts.

Í aðdraganda þessa máls voru samrunaaðilar í samskiptum við Samkeppniseftirlitið um grundvöll málsins, þ.á m. hvort tilkynna þyrfti um samrunann. Varð það niðurstaðan. Í ljósi aðstæðna veitti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum jafnframt undanþágu til þess að fá að framkvæma samrunann, með bréfi dags. 1. apríl sl. Var undanþágan veitt með því skilyrði að samrunaaðilar skuldbyndu sig til að vinda ofan af viðskiptunum, kæmi til þess



að Samkeppniseftirlitið myndi ekki fallast á samrunann eða setja honum skilyrði, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Líkt og áður segir aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna og sjónarmiða frá hagsmunaaðilum og verður þeirra getið eftir því sem við á í umfjölluninni hér á eftir.

## II.

### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Mótormax á tilteknum eignum af þrotabúi Bílanausts felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá kemur fram að Mótormax sé einkahlutafélag og tilgangur þess sé heildsala og smásala ökutækja og ökutækjatengdra vara, verkstæðisþjónusta, kaup, sala og eignarhald verðbréfa, ásamt lánstarfsemi tengdri rekstrinum og öðrum skyldum rekstri. Fram til ársins 2015 hafi starfsemi félagsins einskorðast nær einungis við innflutning og heild- og smásölu á kerrum frá framleiðandanum Brenderup og dráttarbeislum frá framleiðandanum Westfalia. Þá hóf félagið að flytja inn og selja varahluti í flestar gerðir bifreiða, auk þess að flytja inn og selja smurolíu og tengdar vörur.

Bílanaust var tekið til gjaldþrotaskipta í janúar á þessu ári. Á meðan félagið var starfandi var tilgangur félagsins innflutningur og sala, bæði í heildsölu og smásölu, á bíla- og frístundavörum, sem og önnur skyld starfsemi, eignarhald á fasteignum og útleiga þeirra og lánstarfsemi. Fyrir gjaldþrotið rak Bílanaust verslanir sem seldu ýmsar bílatengdar vörur í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Selfossi og Akureyri.

Samkvæmt framkomnum upplýsingum er Mótormax í eigu UK fjárfestinga ehf. sem er móðurfélag Toyota á Íslandi ehf. Þá eigi UK fjárfestingar jafnframt félögin Okkar bílaleigu ehf., TK bíla ehf., Skorra ehf. og Bílaútleiguna ehf. TK bílar ehf. sé síðan eigandi alls hlutafjár í Toppílum ehf. UK fjárfestingar eigi síðan 85% hlut í Kraftvélum ehf. og Kraftvélaleigunni ehf.

#### 1. Markaður málsins

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verði á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkað og hins vegar landfræðilegan markað.

Í samrunaskrá kemur fram að Mótormax starfi á markaði fyrir almenna varahluti, nýja fylgihluti og tengdar vörur fyrir bíla. Með almennum varahlutum er átt við varahluti sem framleiddir eru undir eigin vörumerki og hægt er að nota í flestar tegundir bíla (þ.e. ekki varahluti sem eru framleiddir af bílaframleiðendum eða ætlaðir fyrir eina bílategund sérstaklega).



Samrunaaðilar skilgreina markaðinn sem Bílanaust starfaði á sem markað fyrir almenna bílavarahluti og tengdar vörur fyrir bíla. Hvað varðar landfræðilegan markað telja samrunaaðilar landfræðilegan markað vera landið allt.

Í framkvæmd í EES/ESB samkeppnisrétti hefur verið litið svo á að markaður fyrir almenna varahluti (e. *Non-original equipment spare parts*) og markaður fyrir upprunalega „original“ varahluti (e. *Original equipment spare parts*) tilheyri ekki sama markaði. Þá sé einnig unnt að skipta markaðnum eftir þyngd ökutækja.<sup>1</sup> Að mati Samkeppniseftirlitsins standa rök til þess að skilgreina markaðinn með sambærilegum hætti hér á landi. Það er þó ekki þörf á því að slá fastri skilgreiningu markaðarins og mögulegra undirmarkaða í þessu máli þar sem mismunandi skilgreiningar hafa ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

## 2. Staða aðila á markaði málsins

Í samrunaskrá segir að á þeim markaði sem um ræðir ríki mikil og hörð samkeppni og hreyfanleiki viðskiptavina sé mikill. Auk þess segir að ágætt jafnvægi ríki á milli framboðs og eftirspurnar, þar sem aukinni eftirspurn, sem skýrist af þörf markaðarins hverju sinni, sé svarað með auknu framboði eftir því sem þörf krefur. Hvað varði aðgangshindranir telji samrunaaðilar þær engar og að á markaðnum starfi fjölda aðila. Þeirra á meðal séu stórir aðilar á borð við AB varahluti og Stillingu, ásamt öðrum aðilum. Þá séu jafnframt ýmsar af þeim vörum sem tilheyra þessum markaði seldar á t.d. bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og í Costco, svo dæmi séu nefnd.

Samrunaaðilar hafi ekki efnahagslegan styrk, hvorki fyrir né eftir samruna, til að hindra samkeppni. Þá sé ljóst að mikill fjöldi aðila er starfandi á hinum skilgreindu mörkuðum og ætla megi að aðrir hafi þar hærra markaðshlutdeild en samrunaaðilar. Mótormax hafi nýverið hafið starfsemi á þessum markaði og hafi í reynd verið að fóta sig á honum þegar Bílanaust varð gjaldþrota. Með viðskiptunum sem hér séu til umfjöllunar hafi Mótormax gefist tækifæri til þess að stækka hraðar en áætlað hafi verið og kostur á að taka strax virkari þátt í samkeppni á markaðnum. Þannig megi færa rök fyrir því að samruninn sé jafnvel frekar til þess fallinn að viðhalda samkeppni á hlutaðeigandi markaði. Gjaldþrot Bílanausts hafi jafnframt gefið öðrum stærri aðilum tækifæri á að auka markaðshlutdeild sína sem endurspeglar þá miklu og öflugum samkeppni sem ríki á markaðnum.

Til þess að leggja mat á stöðu samrunaaðila á markaðnum sendi Samkeppniseftirlitið út upplýsingabeidni til samrunaaðila og helstu keppinauta þeirra á markaði með bílavarahluti og aðrar bílatengdar vörur. Beiðnin var send út dagana 14. til 16. apríl 2019, og svör við henni bárust á tímabilinu 23. apríl til 16. maí 2019. Í beiðninni var beðið um sölutekjur aðila á árunum 2017 og 2018, sundurgreint á fimm flokka: Almennir varahlutir, upprunalegir varahlutir, málning og málningarvörur, aðrar bílatengdar vörur og aðrar

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB 10. september 2018 í máli nr. M.9070m EUROCAR / VICENTINI. „In previous decisions, the Commission has distinguished between the retail distribution of OE spare parts and non-OE spare parts. As at the wholesale level, the Commission found that the retail distribution of OE spare parts is brand specific, thus defining the market according to the brand of a given spare part, and distinguished between light vehicles and heavy vehicles.“

Þá geti landfræðilegur markaðurinn ýmist verið landsmarkaður eða bundinn við einstaka landshluta: „In previous decisions, the Commission has considered that the retail distribution of OE spare parts could be either national or sub-national, but ultimately left open the exact definition.“



vörur. Einungis bærust upplýsingar um veltu Bílanausts fyrir árið 2017, svo allir útreikningar á markaðshlutdeild miðast við veltu þess árs.

#### *Sala á almennum bílavarahlutum*

Tíu fyrirtæki kváðust hafa selt almenna bílavarahluti á árinu 2017, en auk Bílanausts og Mótormax voru það AB varahlutir, Automatic ehf., Bílavarahlutir ehf., Bílaverkstæði KS, BL, Poulsen, Stilling og TK Bílar. Þess ber þó að geta að ekki bærust sundurliðaðar söluupplýsingar frá öllum söluaðilum bílavarahluta, svo hlutdeild samrunaaðila á markaðnum er að líkindum ofmetin, a.m.k. svo einhverju nemi.

Velta á markaðnum með almenna bílavarahluti var um [ ]<sup>2</sup> kr. á árinu 2017. Bílanaust hafði hæsta hlutdeild, [20-25]%, en AB varahlutir og Stilling voru með álíka háa hlutdeild, AB varahlutir með [20-25]% og Stilling með [20-25]%. Aðrir aðilar á markaðnum voru töluvert minni. Væru samrunaaðilar og tengdir aðilar teknir saman, þ.e. Mótormax, Bílanaust og TK bílar, hefðu þeir eftir samruna hæstu hlutdeild á markaðnum, [30-35]%.

Fram hefur komið í sjónarmiðum samrunaaðila að ýmsir umboðssamningar við erlenda framleiðendur sem Bílanaust var umboðsaðili fyrir hafi ekki fylgt með í kaupunum á þrotabúinu. Þá hafi Mótormax ekki náð samningum við öll umboð sem áður voru í viðskiptasambandi við Bílanaust. Þar ber t.a.m. að nefna framleiðandann [ ]<sup>3</sup>, en hann hefur gert umboðssamning við AB varahluti í kjölfar falls Bílanausts samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðila. Árið 2017 tilheyrðu [ ]<sup>4</sup>% af sölu Bílanausts á almennum bílavarahlutum sölu á bílavörum frá þeim framleiðanda, en þar sem einsýnt er að þetta umboð er ekki hluti af þrotabúi Bílanausts má draga þá ályktun að það að telja það með ofmeti markaðshlutdeild samrunaaðila.

Ef sala á vörum frá [ ]<sup>5</sup> á árinu 2017 er reiknuð AB varahlutum í stað Bílanausti, má álykta að markaðshlutdeild AB varahluta annars vegar og samrunaaðila og tengdra aðila hins vegar sé áþekkt.

Þá kunna aðrar fyrirsjáanlegar breytingar á markaðshlutdeild að leiða af þeirri staðreynd að hinn yfirtekni rekstur tilheyrði félagi sem nú er í gjaldþrotameðferð.

### **III. Niðurstaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

---

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar



Sá markaður sem samruninn hefur hvað mest áhrif á er markaðurinn með almenna bíla-varahluti. Markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim markaði gefur ekki tilefni til þess að telja samrunaaðila markaðsráðandi. Hún er um og undir [25-35]%, og nokkrir mismunandi aðilar hafa sterka stöðu á markaðnum ásamt fleirum minni. Þá ber að líta til þess að aðstæður í málinu eru ekki sambærilegar kaupum á félagi í fullum rekstri, og þau viðskipti sem hér eiga sér stað fela í sér óverulega samþjöppun á skilgreindum markaði þessa máls.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að afhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Mótormax ehf. á eignum og rekstrarfjármunum þrotabús Bílanausts ehf., sbr. kaupsamning dags. 1. febrúar 2019, fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson